

ÞJÓÐVILJINN

Fimmtudagur 10. apríl 1980, 80. töl. 45. árg.

KJARADEILA VIÐ HRAUNEYJARFOSSVIRKJUN

Meira en þrefaldur launamunur í bónum

Kjaradeila, þar sem deilt er um bónusgreiðslur, er risin með mönnum við Hrauneyjarfossa, en þar getur tímakaupsmunur

manna sem vinna að verkum hver við annars hlið orðið meiri en 1.600 krónur á klukkustund. Sigurður Óskarsson hjá verka-

lyðsfélaginu Rangæing á Hellu, sagði Þjóðviljanum í gær, að í fyrrasumar hefði verið samið við verktaka þar efra, Fossvirki, um

Rætt við Ásgeir Sigurvinsson

Þar ráða frumskógarlög málin

A bls. 9 og 10 í Þjóðviljanum í dag birtist viðtal sem — Ingh tók við knattspyrnumanninn kunnna, Ásgeir Sigurvinsson í Belgíu fyrir skömmu. Segir Ásgeir þar m.a. frá harðneskjulegu lífi atvinnuknattspyrnumannsins, þar sem frumskógarlög málin ráða ríkjum.



Verkalýðs- og sjómannafélag

Bolungarvíkur:

Reynir sér-samninga fyrir sjómenn

Við höfum farið formlega fram á það við Einar Guðfinnsson h.f. að gengið verði til samninga við Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur og ég veit ekki betur en samningafundur verði haldinn nú um helgina, sagði Karvel Pálmason formaður félagsins í samtali við Þjóðviljann í gær.

Karvel sagði að sér-samningar félagsins væru reyndir með fullri vitund Alþýðusambands Vestfjarða enda væru samningamálin alveg föst fyrir vestan og ekki nema til góðs að einhver hreyfing komist á þau.

Þá sagði Karvel að kröfur sjómanna í Bolungarvík væri að ýmsu leyti frábrugðnar þeim kröfum sem ísfriskir sjómenn gera og t.d. væri ekki kraffist hækkunar á skiptaprósentu heldur fyrst og fremst ýmissa lagfæringa t.d. í sambandi við frítíma og einnig væri kraffist frís fæðis. — GFr

nýtt fyrirkomulag á bónumkerfi við ýmis störf. Fljótlega kom í ljós að launamunur á milli manna varð mikill og mun meiri en menn hefðu gert sér grein fyrir við gerð samnings og hefðu laun trésmiða og járnbindingamanna t.d. verið mun hærri en laun verkamanna.

Í haust var síðan gert samkomulag á milli verktaka annars vegar og trésmiða, járnbindingamanna og handlangara hins vegar, sem hafði í för með sér stórfelldar launahækkunir til þessara aðila umfram laun sem verkamenn, járníðnaðarmenn og rafvirkjar hafa þar efra.

Sagði Sigurður að meðaltalsbónus hjá trésmiðum hefði til dæmis orðið 289 þúsund í janúar-mánuði sl., en 115 þúsund hjá verkamönnum, sem þó hefðu unnið lengri vinnudag en trésmiðirnir.

Nú fær trésmiður 1.415 krónur í bónum á tímann, en sú greiðsla leggst ofan á 2.314 króna tímakaup. Verkamáður fær hins vegar 415 króna bónusgreiðslur til viðbótar við 1.699 króna tímakaup. Hefur þessi mikli munur valdið mikilli óánægju meðal manna sem vinna við virkjunina.

Rafvirkjar, málmíðnaðarmenn og verkamenn sögðu svo upp sínum bónumsamningum í janúar. Sögdust þeir myndu setta sig við þá skipan mála, að viðmiðunin Framhald á bls. 13

Rangæingar vilja 32,5% kauphækkun

26,6% launa til húshitunar

Verkalýðsfélagið Rangæingur hefur lagt fram kröfur sínar við gerð næstu kjarasamninga. Fara Rangæingar fram á 32,5% taxtahækkun, og byggja þeir kröfuna á því, að sú hækkun þurfi til að koma til þess að þeir hafi sama kaupmátt og verkamenn í Reykjavík þegar hvorir tveggja hafa greitt fyrir kyndingu húsa sinna, Rangæingar með öllu en Reykjavíkingar með heitu vatni. Sigurður Óskarsson á Hellu sagði Þjóðviljanum að þessar kröfur hefur verið sendar sátta-

semjara og atvinnurekendum. Þær væru byggðar á úttekt, sem verkalýðsfélagið hefði látið gera á kyndingarkostnaði með öllu annars vegar og með heitu vatni hins vegar.

Sigurður sagði að 26,6% árs-launa samkvæmt 3ja Dagsbrúnartaxta eftir fjögurra ára starf færi til þess að greiða kyndingarkostnað húss, sem hitað væri við olubrennslu, en hins vegar 5,3% árslauna sömu viðmiðunar væri hús hitað upp með hitaveituvatni. — up



Sjá 3. síðu

Listaverkið á þessari mynd er hvorki meira né minna en þrettán metrar að lengd og er ætlast til að þar af séu nú á gólfu fjórir hangandi. Þetta er stærsta verkið á norrænni vefjarlistarsýningu, sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á laugardag og er eftir finnsku listakonuna Yosi Anaya, unnið í batik, samansaumað. Með á myndinni er íslenski hópurinn sem unnið hefur að uppsetningu sýningarinnar. — Ljós.: — eik —


Tillaga Helga Seljan og Guðrúnar Helgadóttur:

Mótuð verði almenn menningarmálastefna

Tveir þingmenn Alþýðubandalagsins, Helgi Seljan og Guðrún Helgadóttir, lögðu í gær fram á Alþingi tillögu um almenna stefnumörkun í menningarmálum. Tillögunni fylgir ýtarleg greinargerð sem að meginefni er

unnin af Helgu Hjörvar framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra leikfélaga og Nirði P. Njarðvíkk lektor. Flutningsmenn benda á að í málefnaáskilningu núverandi ríkisstjórnar sé margt jákvætt að finna varðandi aukinn

stuðning við menningarmál án þess að um beina stefnumörkun í heild sé að ræða og úr því vilja flutningsmenn bæta með tillögu sinni. Tillaga þeirra Helga og Guðrúnar fer hér á eftir í heild en kaflar úr greinargerðinni verða



Guðrún

Helgi

birtir á morgun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð almennrar stefnumörkunar í menningarmálum í því skyni að jafnt atvinnu- sem áhugamennska í þessum efnun hafi við

ákveðnari viðmiðun að styðjast frá hálfu ríkisvaldsins, ekki síst varðandi einstök menningarleg átök, viss forgangsverkefni, sem útundan hafa orðið, og aukna tryggingu fyrir eðlilegum, skipulegum fjárhagsstuðningi við alhliða menningarstarfsemi. Í því efni þarf að kanna sem best allar mögulegar leiðir, beinar sem óbeinar, til aðstoðar áhugafélögum á hinum ýmsu sviðum listsköpunar. Sömu leiðis hvernig best megi auka stuðning hins opinbera við íslenska menningarstarfsemi með beinum fjárfraumlögum, niðurfellingu ýmissa tolla og skatta og með öðrum örvandi áhrifum.“